

## FUNDARBOÐ

### 249. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn Hjálmakletti, fimmtudaginn 8. febrúar 2024 og hefst kl. 16:00

#### Dagskrá:

##### Almenn mál

1. **2102062 - Skýrsla sveitarstjóra**

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. **2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024**

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 659:

"Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2024

Tillaga felur í sér hækkun útgjaldaramma 2024 upp á samtals 7,1 m.kr.. Um er að ræða kostnað við ræstingu í Öldunni, kaup og uppsetning á dælu fyrir heitt vatn á Varmalandi og kaup, uppsetning og kennsla á mælaborði fjárhagsupplýsingar.

Samþykkt samhljóða og vísað til fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar."

3. **2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði**

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 659:

"Bókun frá byggingarnefnd viðbyggingar við Gbf. á Kleppjárnsreykjum." Farið yfir útbodsgögn, útbodslýsingu og drög að auglýsingu vegna fyrirhugaðs útbods á framkvæmdum við Grunnskólann á Kleppjárnsreykjum. Byggingarnefnd vísar erindinu áfram til afgreiðslu í byggðarráði."

Byggðarráð samþykkir að fram fari útbod á verklegum framkvæmdum við Grunnskóla Borgarfjarðar - Kleppjárnsreykjadeild á grundvelli framlagðra gagna og vísar til staðfestingar í sveitarstjórn.

Samþykkt með tveimur atkvæðum (GLE, DS), einn fulltrúi sat hjá (SG).

Sigurður Guðmundsson lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd minnihluta:  
"Ég sit hjá í afgreiðslu á útbodsgögnum viðbyggingar Grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjárnsreykjum. Ástæðan er ekki sú að við í minnihlutanum séum á móti uppbyggingu á skólahúsnæðinu á Kleppjárnsreykjum heldur er það mat minnihlutans að það skorti framtíðarsýn um skólaskipan Grunnskóla Borgarfjarðar sem er grunn forsenda fyrir uppbyggingu starfstöðva GBF. Minnihlutinn kallar eftir skýrum svörum frá meirihluta sveitarstjórnar hvernig þau sjá fyrir sér að háttá skólaskipan í sveitarfélaginu

og hvaða nemendasamsetningu skólaeiningin á Kleppjárnsreykjum á að þjóna. Um er að ræða gríðarlegar fjárhæðir sem veita á í uppbyggingu á Kleppjárnsreykjum en ljóst er að ekki er að fullu uppi á borðum hver nemendasamsetning á þar að vera."

Hlökkver Ingi Gunnarsson sviðsstjóri fjölskyldusviðs kom til fundarins undir þessum lið."

**4. 2310008 - Efra-Nes L134858 - Umsókn um aðalskipulagsbreytingu**

Afgreiðsla 62. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að landnotkun á ofangreindum 10 ha verði færð úr landbúnaðarlandi yfir í verslun og þjónustu. Samþykkt samhljóða"

**5. 2401275 - Húsafell 1 - Fyrirspurn um skipulagsmál**

Lögð er fram fyrirspurn landeiganda í Húsafelli 3 er varðar heimild um að gera breytingu á deiliskipulaginu, Vatnsaflsvirkjun og flugvöllur í landi Húsafells 3. Felst breytingin m.a. í endurbótum á eldri virkjun sem er gert ráð fyrir í deiliskipulaginu og að gera ráð fyrir flugskýli sunnan við austurenda flugbrautar.

**6. 2310258 - Samtal um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 657:

"Framlagður samningur við KPMG vegna þjónustu og ráðgjafar við að vinna gögn sem gera sveitarstjórnnum Borgarbyggðar og Skorradalshrepps kleyft að taka ákvörðun um hvort kosið skuli um sameiningu sveitarfélaganna.

Byggðarráð samþykkir framlagðan samning við KPMG og felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða"

**7. 2401059 - Mælaborð um fjárhag sveitarfélaga**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 657:

"Framlagt tilboð frá KPMG um uppsetningu á fjárhagsmælaborði fyrir stjórnendur hjá Borgarbyggð.

Framlagt og byggðarráð felur sveitarstjóra að ganga til samninga við KPMG um uppsetningu á fjárhagsmælaborði fyrir stjórnendur hjá Borgarbyggð.

Samþykkt samhljóða."

**8. 2311323 - Erindisbréf fyrir ungmennaráð**

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 657:

"Afgreiðsla frá 228. fundi fræðslunefndar: "Fræðslunefnd samþykkir erindisbréfið og vísar málinu til Byggðarráðs."

Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu að erindisbréfi ungmennaráðs og vísar til staðfestingar í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

**9. 2401100 - Tillaga að friðlýsingu Borgarneskirkju**

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 658:

"Framlagt erindi frá Minjastofnun um friðlýsingu Borgarneskirkju.

Framlagt og byggðarráð gerir ekki athugasemdir við tillögu um friðlýsingu Borgarneskirkju. Kirkjan var teiknuð af Halldóri H. Jónssyni sem var fæddur og uppalinn í Borgarnesi og var vígð árið 1959. Kirkjan er fögur bygging sem rís hátt yfir Borgarnesi og sést víða að. Innra byrði kirkjunnar er óhefðbundið og nýjung á sínum tíma. Byggðarráð lýsir ánægju með tillögu Minjastofnunar.

Samþykkt samhljóða."

**10. 2310034 - Skrá yfir störf sem verkfall nær ekki til 2024**

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 658:

"Framlögð skrá um þau störf sem undanskilin eru verkfallsheimild sbr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Framlögð skrá yfir störf hjá Borgarbyggð sem eru undanþegin verkfallsheimild skv. lögum nr 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er samþykkt. Sveitarstjóra er falið að vinna áfram í samræmi við umræðu á fundi og í framhaldinu láta birta hana með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt samhljóða."

**11. 2012111 - Skorradalshreppur - samningar**

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 659:

"Framlagður þjónustusamningur við Skorradalshrepp sem uppfærður hefur verið í samræmi við tillögur sem kynntar voru á síðasta fundi byggðarráðs nr. 658.

Byggðarráð samþykkir framlagðan þjónustusamning við Skorradalshrepp og felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða."

**12. 2401307 - Biðskýli fyrir almenningssamgöngur á Hvanneyri**

Afgreiðsla frá 659. fundi byggðarráðs:

"Byggðarráð tekur vel í hugmyndir að uppsetningu á biðskýli fyrir almenningssamgöngur á Hvanneyri. Sveitarstjóra er falið að vera í sambandi við Íbúasamtök Hvanneyrar og nágrennis varðandi tillögur að staðsetningu. Byggðarráð samþykkir framlagða kostnaðaráætlun og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram og bæta inn í fyrirbyggjandi viðauka við fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða."

**13. 2401310 - Samstarfsyfirlýsing um samráð gegn heimilisofbeldi á Vesturlandi**

Afgreiðsla fundar Byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 659:

"Lögð fram drög að samstarfsyfirlýsingu lögreglustjórans á Vesturlandi og ríkislögreglustjóra við sveitarfélög á Vesturlandi um svæðisbundna samvinnu gegn ofbeldi og afbrotum á Vesturlandi.

Byggðarráð Borgarbyggðar styður eindregið enn þéttara samstarf lögregluþyrvalda og sveitarfélaga á Vesturlandi gegn ofbeldi og afbrotum. Byggðarráð felur sveitarstjóra að vinna, fyrir hönd Borgarbyggðar, áfram að sameiginlegri samstarfsyfirlýsingu og undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða."

**14. 2401265 - Verðfyrirspurn v. vegar og plans - Tjaldsvæði í Kárastaðalandi(unglingalandsmót)**

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 658:

"Framlögð gögn vegna verðfyrirspurnar vegna framkvæmda við aðkomu að fyrirhuguðu tjaldsvæði unglingalandsmóts UMFÍ í Kárastaðalandi.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að láta fara fram verðfyrirspurn vegna framkvæmda við tjaldssvæði við Kárastaði á grundvelli framlagðra verðfyrirspurnargagna og umræðu á fundinum. Guðný Elíasdóttir sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Sóley Baldursdóttir deildarstjóri umhverfis- og landbúnaðarmála sátu fundinn undir þessum lið.

Samþykkt samhljóða.

**15. 2010114 - Frístundastyrkur**

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 659:

"Tillaga lögð fram um breytingum á frístundastyrk Borgarbyggðar. Á 229. fundi fræðslunefndar var tillögum að breytingum vísað til byggðarráðs. Helsta breytingar á reglunum lúta að því að styrkurinn standi til boða börnum og ungmennum frá 0 upp að 18 ára aldri. Einnig að ekki væri gerð krafa um ákveðin tímamörk á námskeið. Óskað verði eftir umsögnum vegna breytinga á styrknum frá hagaðilum fyrir 31.janúar 2024. Lagt fram fram kostnaðarmat í samræmi við afgreiðslu fræðslunefndar. Hlöðver Ingi Gunnarsson sviðsstjóri fjölskyldusviðs situr fundinn undir þessum lið.

Samtals bárust tvær umsagnir frá fagaðilum; Körfuknattleiksdeild Skallagríms og Hjólreiðafélagi Vesturlands.

Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu með þeim breytingum að börn búsett í Borgarbyggð 0-5 ára hafi rétt á 35% af fullum frístundastyrk. Gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun og vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

**Fundargerð**

**16. 2401008F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 657**

16.1 2310258 - Samtal um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

16.2 2401052 - Stangarholtsvegur (5345-01) - fyrirhuguð niðurfelling

- 16.3 2401059 - Mælaborð um fjárhag sveitarfélaga
- 16.4 2401075 - Digranesgata 2 og 4C - Fyrirspurn um skipulagsmál
- 16.5 2307185 - Uppbygging nemendagarða við Landbúnaðarháskóla Íslands
- 16.6 2401004 - Tilkygning um kæru nr.148-2023, stjórnvald.
- 16.7 2401098 - Fyrirkomulag sumarfrís hjá starfsmönnum ráðhúss
- 16.8 2311323 - Erindisbréf fyrir ungmennaráð
- 16.9 2301181 - Eftirlitsskýrsla Vinnueftirlitsins um starfsstöð Slökkviliðs Borgarbyggðar
- 16.10 2003153 - Snældubeinsstaðir - íbúabyggð
- 16.11 2401116 - Yfirlit um starfsemi Slökkviliðs Borgarbyggðar 2023
- 16.12 2401064 - Til allra sveitarstjórna Vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur
- 16.13 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.
- 16.14 2302108 - Fundargerðir Faxaflóahafna 2023.
- 16.15 2401070 - Húsnefnd Þinghamars - fundargerðir 2023
- 16.16 2302061 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2023

#### **17. 2401021F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 658**

- 17.1 2401100 - Tillaga að friðlýsingu Borgarneskirkju
- 17.2 2310034 - Skrá yfir störf sem verkfall nær ekki til 2024
- 17.3 2401278 - Hugmyndir um friðlýsingu og friðun svæða í Borgarbyggð - Umhverfisstofnun
- 17.4 2001144 - Húsnæðisáætlun Borgarbyggðar - uppfærsla
- 17.5 2401199 - Lóðir fyrir atvinnustarfsemi - Vallarás - Manhattan
- 17.6 2401276 - Umsóknir um stuðning á grundvelli samstarfssamninga við hátíðir 2024
- 17.7 2012111 - Skorradalshreppur - samningar
- 17.8 1812074 - Krókur - Hlutdeild í girðingarkostnaði, krafa
- 17.9 2401265 - Verðfyrirspurn v. vegar og plans - Tjaldsvæði í Kárastaðalandi(unglingalandsmót)
- 17.10 2401262 - Eigendafundur OR 2. febrúar 2024

#### **18. 2401028F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 659**

- 18.1 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024
- 18.2 2012111 - Skorradalshreppur - samningar
- 18.3 2401310 - Samstarfsyfirlýsing um samráð gegn heimilisofbeldi á Vesturlandi
- 18.4 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnaði
- 18.5 2401307 - Biðskýli fyrir almenningsamgöngur á Hvanneyri
- 18.6 2401308 - Gjaldskrá strætó vegna ferða barna og ungmenna
- 18.7 2010114 - Frístundastyrkur
- 18.8 2105052 - Sögutorgin, Smoties - Rannsóknarverkefni - Þéttbýlisgreining

18.9 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.

18.10 2401300 - Fundagerðir 2024 - Hafnasamband Íslands.

**19. 2401022F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 229**

19.1 2010114 - Frístundastyrkur

**20. 2401029F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 230**

20.1 2401008 - Kynning á námsmati í grunnskólum Borgarbyggðar 2024

20.2 2401314 - Skóladagatöl fyrir leik-, grunn- og tónlistaskóla Borgarbyggðar 2024-2025

20.3 2401313 - Kynning á aðgerðaráætlun skólustefnu Borgarbyggðar

20.4 2401305 - Varmalandsdeild - framtíðarsýn

20.5 2312058 - Heimsókn Sinfóníunnar í Borgarnes vorið 2024

**21. 2401016F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 62**

21.1 2301040 - Stuttárbotnar - Húsafell 3 L134495 - Deiliskipulag

21.2 2302212 - Galtarholt 3 L135043 - Deiliskipulag

21.3 2310008 - Efra-Nes L134858 - Umsókn um aðalskipulagsbreytingu

21.4 2211179 - Kleppjárnsreykir skólasvæði - Nýtt deiliskipulag

21.5 2310016 - Ásendi 12 L222409 - Breyting á deiliskipulagi

21.6 2401112 - Brúartorg 1\_Hyrnutorg - Fyrirspurn um skipulagsmál

21.7 2401232 - Skorradalshreppur - Fyrirspurn um skipulagsmál

21.8 2401287 - Göngustígatenging frá Granastöðum og að Borg

21.9 2401015F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 27

21.10 2401007F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 222

21.11 2401031F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 223

**22. 2401012F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 144**

22.2 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð

06.02.2024

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.